

að öðru leyti hafði hreppsnefndin enga skyldu til þess, að leita slíks styrks, hvorki hjá henni eða frændum hans. 84

Viðvíkjandi þeirri mótbáru, að ekki hafi verið haft nægilegt eptirlit með úttekt þurfamannsins og að honum hafi verið veittir ýmsir ónauðsynlegir hlutir, þá hefir hreppsnefnd Mjóafjarðarhrepps skýrt frá því, að oddvitinn hafi haft eptirlit með úttektiinni, án þess að þessari skýrslu hafi verið hnekkð, og að það, sem sjerstaklega var tilnefnt sem ónauðsynlegt, hafi verið full þörf á, að láta þurfamauninum í tje, enda verður að álíta, að hinn veitti styrkur sje ekki óhæfilega hár. Auk þurfamannsins var kona hans sjúk, þrjú börn og kvennmaður til að hjúkra hinni sjúku konu, eða alls 6 manns á heimilinu. Þegar dreginn er frá útfararkostnaður konunnar, borgun fyrir meðul og læknishjálp og fleira þess konar, þá er styrkurinn liðug króna á dag og verður eigi sjeð, að hjer sje eptir atvikum nein ástæða til fyrir Seyðisfjarðarhrepp, að kvarta um óþarflega mikla styrkveitingu, enda má geta þess, að hreppsnefnd Seyðisfjarðarhrepps hefði verið innan handar að gera, þegar fyrsta mánuðinn sem þurfamaðurinn naut styrksins, ráðstafanir til þess, að annast þurfamauninn og sjá um öll útlát til hans, meðan hann þurfti, þar sem tilkynning Mjóafjarðarhrepps 20. jan. 1898, samkvæmt áritun, var komin til Seyðisfjarðarhrepps hins forna daginn eptir og Mjóafjarðarhreppur er næsti hreppur við Seyðisfjarðarhrepp.

Samkvæmt þessu verður að álíta, að mótmæli hreppsnefndar Seyðisfjarðarhrepps sjeu, fyrst og fremst allt of seint fram komin og þar að auki eigi á nægum rökum byggð, og að Seyðisfjarðarhreppi beri því að endurgjalda  $\frac{4}{13}$  hluta af hinum veitta styrk með kr. 73,55.

Jafnframt því, að tilkynna yður þetta, herra sýslumaður, til leiðbeiningar og birtingar fyrir hreppsnefnd Seyðisfjarðarhrepps, vil jeg skora á yður, að leggja fyrir nýnefnda hreppsnefnd að greiða hina úrskurðuðu upphæð, kr. 73,55, tafarlaust til Mjóafjarðarhrepps.

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Norðnramtinu og Austur-  
amtinu um flutning á þingstað** — Samkvæmt tillögum yðar, herra amt- 85  
maður, í brjefi, dagsettu 16. f. m., meðmælum hlutadeigandi sýslumanns og beiðni 9. okt.  
hreppsnefndarinnar í Adaldælahreppi í Þingeyjarsýslu, vil jeg hjermeð veita samþykki mitt til þess, að þingstaður umgetins hrepps sje fluttur frá Nesi að YtraFjalli, gegn því að hreppsnefndin annist um að til verði hæfilegt hús til þinghalda á hinum nýja þingstað.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Norðuramtinu og Austuram-  
tinu um skilning á 13. gr. laga nr. 2. 13. jan. 1896.** — Í brjefi, dagsettu 4. þ. m., 86  
hafið þjer, herra amtmaður, samkvæmt ályktun amtsráðanna í ömtum yðar, spurzt 9. okt.  
fyrir um það, hvernig skilja eigi 13. gr. laga nr. 2, 13. janúar 1896 um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma, þar sem svo er ákveðið, að útgjöld þau, er samkvæmt lögum þessum skal greiða af almannafje, án þess tiltekið sje að þau skuli greiða úr landssjóði eða úr sveitarsjóði, skuli greiða úr sýslu eða bæjarsjóði, ef útgjöldin fari eigi fram úr 100 kr., hvort heldur skuli skilja ákvæði þetta þannig, að sýslu-